

Hvatningarverðlaun



skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur 2020
vegna frístundastarfs og samstarfsverkefna

- Viltu vekja athygli á gróskumiklu **frístundastarfi** á vegum Reykjavíkurborgar?
- Veistu af metnaðarfullu þróunarverkefni, skemmtilegum tilraunum, áhugaverðum samstarfsverkefnum frístundastarfs við grunnskóla eða leikskóla?
- Viltu veita starfsfólki í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkur viðurkenningu og hvatningu?

Auglýst er eftir tilnefningum til hvatningarverðlauna skóla- og frístundaráðs vegna frístundastarfs á vegum Reykjavíkurborgar.

Allir geta tilnefnt til verðlaunanna; foreldrar, ömmur og afar, starfsfólk SFS, aðrir borgarstarfsmenn, frístundamiðstöðvar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, skólahljómsveitir, grunnskólar, leikskólar, aðrar stofnanir og samtök. Við val á verðlaunahöfum verður haft til hliðsjónar að verkefnið sé öðrum til eftirbreytni og hvatning til góðra verka, svo og að fjölbreytt verkefni fái viðurkenningu. Þrjú verkefni sem skara fram úr verða verðlaunuð og fær starfsstaður viðurkenningarskjal og verðlaunagrip til eignar.

Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs **fyrir framsækið frístundastarf** verða afhent á uppskeruhátíðinni **Höfuð í bleyti** sem haldin verður **22. september 2020**.

Eyðublað og frekari upplýsingar eru á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is og er skilafrestur tilnefninga til 8. júní 2020. Tilnefningar sendist á sfs@reykjavik.is



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið